

# ÁKÆRA

Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008  
gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Hannesi Þór Smárasyni,  
kt. 251167-3389,  
með lögheimili í Lúxemborg

aðallega fyrir fjárdrátt með því að hafa 25. apríl 2005, í starfi sínu sem stjórnarformaður FL Group hf., kt. 601273-0129 (nú Stoðir hf.), dregið sér af fjármunum FL Group hf. 2.875.000.000 íslenskra króna sem hann ráðstafaði til Fons eignarhaldsfélags hf., kt. 700394-3799 (nú Fons hf.). Nánar tiltekið lét ákærði 22. apríl 2005 millifæra 46.500.000 bandaríkjadali af bankareikningi FL Group hf. nr. 002-1006036216 í útibúi Danske Bank í New York í Bandaríkjunum inn á bankareikning FL Group hf. nr. 401301 í Kaupthing Bank Luxembourg S.A., sem ákærði hafði látið stofna 17. apríl 2005, en samkvæmt sérstöku umboði, sem barst síðastnefndum banka 20. apríl 2005, hafði ákærði fullt og ótakmarkað umboð til ráðstafana á fjármunum félagsins á þeim bankareikningi. Hinn 25. apríl 2005 var 45.864.241,84 bandaríkjadölum skipt yfir í 2.875.000.000 íslenskra króna í gjaldeyrisviðskiptum á áðurnefndum reikningi FL Group hf. í Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Sama dag lét ákærði millifæra 2.875.000.000 króna af sama bankareikningi yfir á bankareikning Fons eignarhaldsfélags hf. nr. 401098 í sama banka en ráðstöfunin var ekki í þágu FL Group hf. eða hluti af lögskiptum félagsins. Millifærslan var framkvæmd án vitundar, og þar með samþykkis, þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og annarra meðlima í stjórn FL Group en ákærða. Sama dag var fjárhæðinni skipt yfir í 260.889.292,20 danskar krónur og 375.000.000 danskra króna millifærðar af sama reikningi Fons eignarhaldsfélags hf. yfir á bankareikning þáverandi eiganda Sterling Airlines A/S.

Til vara fyrir umboðssvik með því að hafa með framangreindri háttsemi misnotað þá aðstöðu sem hann fékk í krafti umboðs til ráðstöfunar á fjármunum FL Group hf. á bankareikningi félagsins nr. 401301 í Kaupthing Bank Luxembourg S.A. og valdið FL Group hf. verulegri fjártjónshættu með einhliða ráðstöfun fjármuna félagsins til Fons eignarhaldsfélags hf. án þess að gera nokkrar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni FL Group hf. en ráðstöfunin var ekki þáttur í viðskiptum félagsins.

Háttsemi ákærða telst aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 249. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

**Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.**

## **1. Nánar um háttsemina**

Á því tímabili sem ákæran tekur til var ákærði starfandi stjórnarformaður FL Group hf. (FL Group)

Aðdragandinn að þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök, var sá að hann stofnaði bankareikning nr. 401301 í Kaupthing Bank Luxembourg S.A., kt. 440598-9009, (KBL) fyrir hönd FL Group 17. apríl 2005. Þremur dögum síðar, eða 20. apríl 2005, var KBL símsent ódagsett umboð þar sem Einar Sigurðsson, sem var þá í framkvæmdastjórn FL Group hf. og einn af prókúruhöfum félagsins, veitti ákærða fullt og ótakmarkað umboð til þess að ráðstafa fjármunum félagsins á framangreindum bankareikningi. Ákærði var ekki einn af prókúruhöfum félagsins á þeim tíma. Hinn 22. apríl 2005 gaf ákærði Sveinbirni Indriðasyni, sem þá starfaði sem fjármálastjóri FL Group, og Vali Stefáni Ásgeirssyni, þáverandi forstöðumanni fjárreiðudeildar FL Group, fyrirmæli um að millifæra 46.500.000 bandaríkjadali inn á framangreindan reikning FL Group í KBL. Eins og rakið er í ákærinni voru fjármunirnir millifærðir sama dag af reikningi FL Group í Danske Bank inn á framangreindan reikning FL Group í KBL.

Stærstum hluta fjárhæðarinnar sem millifærð var á reikning FL Group í KBL, eða 45.864.241,84 bandaríkjadöllum, var skipt yfir í 2.875.000.000 íslenskra króna 25. apríl 2005, en þá fjárhæð lét ákærði síðan millifæra af umræddum reikningi FL Group inn á reikning Fons hjá KBL. Í kjölfarið var þeirri fjárhæð skipt yfir í 260.889.292,20 danskar krónur sem ráðstafað var til félagsins Fred. Olsen & Co, þáverandi eiganda flugfélagsins Sterling Airlines A/S. Sakargögn benda til þess að umrædd millifærsla hafi tengst áformum ákærða um þátttöku FL Group í kaupum Fons á flugfélaginu en um þessi áform ákærða var þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og öðrum stjórnarmeðlimum FL Group en ákærða ókunnugt og engin ákvörðun verið tekið um þau af hálfu félagsins. Millifærslan af reikningi FL Group sem ákærði lét framkvæma var gerð án vitundar og samþykkis þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og annarra meðlima í stjórn FL Group en ákærða.

Sakargögn benda til þess að ákærði hafi haldið umræddri millifærslu leyndri fyrir stjórnendum og stjórn FL Group, en aðrir en ákærði höfðu ekki aðgang að bankareikningi FL Group hjá KBL fyrr en 28. júní 2005 þegar Einar Sigurðsson veitti Sveinbirni Indriðasyni, þáverandi fjármálastjóra FL Group, heimild til að fá aðgang að öllum bankareikningum FL Group hjá KBL.

Það var ekki fyrr en eftir þrýsting, meðal annars frá þáverandi forstjóra félagsins, að fjármunirnir skiluðu sér aftur á reikning FL Group í Kaupþingi banka hf. 30. júní 2005, eða rúmum tveimur mánuðum eftir brot ákærða samkvæmt ákæru. Fyrir þann tíma hafði millifærslan ekki verið færð í bókhald félagsins. Þann dag hafði KBL veitt Fons lán til að greiða umrædda fjármuni til baka til FL Group og gengust ákærði og Jón Ásgeir Jóhannesson í persónulegar ábyrgðir fyrir endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar. Ekki verður séð að ákærði hafi á

þeim tíma eða öðrum haft nokkur formleg tengsl við starfsemi Fons. Tekið var fram í umræddum lánessamningi milli Fons og KBL að andvirði lánsins að frádregnum lánskostaði, 46.102.920 bandaríkjadalir, skyldu lagðir inn á reikning FL Group nr. 401301 í KBL. Fjármunirnir voru síðan millifærðir af reikningi FL Group í KBL inn á reikning FL Group í Kaupþingi banka hf. á Íslandi samkvæmt fyrirmælum ákærða.

## 2. Fjárdráttur – aðalkrafa

Ákærða er aðallega gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa látið millifæra 2.875.000.000 íslenskra króna 25. apríl 2005 af bankareikningi FL Group hjá KBL inn á bankareikning Fons hjá sama banka.

Vörslur ákærða á framangreindum fjármunum fólust í umboði sem ákærði fékk frá Einari Sigurðssyni, sem var þá einn af prókúruhöfum FL Group, til ráðstöfunar á eignum félagsins á bankareikningi félagsins hjá KBL.

Tímamark tileinkunarinnar og þar með fullframning fjárdráttarbrotsins var þegar ákærði lét millifæra fjármunina yfir á bankareikning Fons hjá KBL. Tileinkunin var einhliða og ólögsmæt enda var fjármunum ráðstafað úr vörslum FL Group til þriðja aðila, þ.e. Fons, í þágu þess félags, án vitundar og þar með samþykkis þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og annarra meðlima í stjórn FL Group en ákærða og án þess að ráðstöfunin væri liður í lögskiptum sem félagið var aðili að eða á annan hátt í þágu félagsins. Breytir þar engu þótt ákærði kunni að hafa talið ráðstöfunina vera í þágu viðskiptaáforma sem hann hafði fyrir hönd FL Group sem hann hafði þó ekki leitað samþykkis fyrir. Fjármunayfirfærslan var því óheimil og ólögsmæt en með henni tapaði félagið möguleikum til ráðstöfunar yfir fjármununum.

Breytir því engu varðandi refsinaemi háttsemi ákærða þótt fjármunirnir hafi skilað sér til aftur til FL Group fyrir tilstilli ákærða rúmlega tveimur mánuðum síðar en ákærði neyddist til að láta Fons skila fjármununum til baka vegna mikils þrýstings af hálfu FL Group, meðal annars frá þáverandi forstjóra FL Group. Fons varð að taka lán til að geta endurgreitt FL Group fjármunina og ákærði að ábyrgjast endurgreiðslu þess.

## 3. Umboðssvik - varakrafa

Ákærða eru til vara gefin að sök umboðssvik með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru misnotað aðstöðu sína og valdið FL Group verulegri fjártjónshættu.

Til að brotið sé gegn umboðssvikaákvæðinu þurfa þrjú hlutlæg skilyrði að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í raunverulegri aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf að vera um að ræða misnotkun geranda á þessari aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda FL Group: Ákærði var starfandi stjórnarformaður FL Group. Hann var ekki einn af prókúruhöfum félagsins en samkvæmt ódagsettu umboði Einars Sigurðssonar, eins af prókúruhöfum FL Group, hafði ákærði fullt og ótakmarkað umboð til þess að ráðstafa


fjármunum félagsins á áðurnefndum bankareikningi félagsins hjá KBL. Ákærði hafði þannig vörslur fjármunanna og var þannig í aðstöðu til að skuldbinda FL Group en sú aðstaða hans laut sérstaklega og afmarkað að þeim fjármunum sem brot hans beindist að.

Misnotkun á aðstöðu: Við mat á því hvort ákærði hafi með háttsemi sinni misnotað aðstöðu sína hefur þýðingu að millifærslan inn á bankareikning Fons var framkvæmd án vitundar og þar með án samþykkis þáverandi forstjóra, fjármálastjóra eða annarra meðlima í stjórn FL Group en ákærða. Þessi ráðstöfun ákærða á mjög miklum fjármunum í eigu félagsins var honum með öllu óheimil þar sem hún var en ekki félaginu til hagsbóta og ekki liður í lögskiptum eða áformum um lögskipti sem lagður hafði verið lögmætur grundvöllur að af hálfu FL Group, heldur í þágu þriðja aðila, þ.e. Fons, sem átti ekkert lögmætt tilkall til þessara fjármuna. Það kemur ekki í veg fyrir refsinaemi háttsemi ákærðu að FL Group fékk fjármunina greidda til baka á endanum með „vöxtum“ sem ákvarðaðir voru eftir á með óskýrum hætti. Endurgreiðsla fjármunanna var ekki að frumkvæði ákærða þar sem hún var framkvæmd vegna harðra eftirgangsmuna forsvarsmanna félagsins og barst ekki fyrir en tveimur mánuðum eftir að ákærði hafði ráðstafað fjármuninum til Fons.

Veruleg fjártjónshætta: Ákærvaldið byggir á því að veruleg fjártjónshætta hafi skapast um leið og ákærði lét millifæra 2.875.000.000 íslenskra króna inn á bankareikning Fons hjá KBL og varað allan þann tíma sem fjármunirnir voru ekki í vörslum réttmæts eiganda þeirra, FL Group. Ráðstöfun fjármunanna til Fons var ekki gerð á grundvelli skjalfests sammings og án skuldbindingar af hálfu Fons um endurgreiðslu. Þá gerði ákærði engar ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu fjármunanna.

Þótt leynd sé hvorki hluti af verknaðarlýsingu fjárdráttarbrota né umboðssvikabrota þá rennir sú leynd sem hvíldi yfir fjármunayfirfærslunni frekari stoðum undir huglæga afstöðu ákærða til háttseminnar og heimfærslu hennar til refsíákvæða samkvæmt ákæru.

Skrifstofu embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,  
Reykjavík 28. október 2013,

  
Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari

